



FERÐAÞJÓNUSTA Í ÁSAHREPPI

Staða og tækifæri

14.05.2021



EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

7463-003-SKY-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir, Berglind Sigurðardóttir, Anna Bragadóttir, Haukur
Á. Hilmarsson

RÝNT

Gísli Gíslason, Anna Bragadóttir

SAMÞYKKT

EFNISYFIRLIT

TÖFLUSKRÁ	5
1 INNGANGUR	6
1.1 Staðhættir	7
2 FYRIRLIGGJANDI STEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU	8
2.1 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2018	8
2.2 Þjósárver	9
2.3 Áfangastaðaáætlun Suðurlands	9
2.4 Landsskipulagsstefna 2015-2026	10
3 SKÝRSLUR OG RANNSÓKNIR	12
3.1 Atvinnulíf	12
3.2 Samgöngur	13
3.3 Rannsóknir meðal ferðamanna á Sprengisandi	15
4 NÚVERANDI STAÐA	19
4.1 Gisting	19
4.2 Afþreying	20
4.2.1 Kortlagning auðlinda – mögulegir viðkomustaðir	21
4.2.2 Gönguleiðir	21
4.2.3 Reiðleiðir og hestaferðir	22
4.2.4 Reiðhjólaleiðir	22
4.2.5 Veiði	22
4.2.6 Önnur afþreying	22
5 FRAMTÍÐIN	23
5.1 Sérstaða Ásahrepps	23
5.1.1 Byggð	23
5.1.2 Afrétturinn	23
5.2 Tækifæri í ferðaþjónustu	24
5.2.1 Verndarsvæði	24
5.2.2 Minjar	24
5.2.3 Gönguleiðir	25
5.2.4 Reiðleiðir	25
5.2.5 Reiðhjólaleiðir	25
5.2.6 Skógur	26
5.2.7 Uppbygging hálendisvega	26
5.2.8 Tjaldsvæði í byggð	26
5.2.9 Dagsferð í Ásahrepp	27
6 HEIMILDIR	28
7 VIÐAUKI - UPPDRÆTTIR	30

MYNDASKRÁ

MYND 1. Ásahreppur og Holtamannaafreittur. _____	6
MYND 2. Staðsetning talningastaða á Þjóðvegi 1 við Ásahrepp. _____	13
MYND 3. Meðalfjöldi bíla á dag samkvæmt umferðarmælum. Heimild: Vegagerðin. _____	14
MYND 4. Meðalfjöldi bíla á dag í ágúst 2012-2020 við talningarstað á Hellu. Heimild: Vegagerðin. _____	14
MYND 5. Ástæður Sprengisandsferðar sumarið 2014. _____	16
MYND 6. Áhugaverðir staðir á Sprengisandi. _____	16
MYND 7. Efst í huga Íslendinga á Sprengisandi. _____	17
MYND 8. Efst í huga Íslendinga á láglendi. _____	17
MYND 9. Efst í huga erlendra ferðamanna á Sprengisandi. _____	17
MYND 10. Efst í huga ferðaskipuleggjenda og leiðsögumanna. _____	17
MYND 11. Efst í huga ferðþjónustuaðila. _____	18
MYND 12. Staðir með mest framtíðargildi fyrir ferðþjónustu. _____	18
MYND 13. Gistinætur í Nýjadal, Versöllum og Hótel Hálandi. (Upplýsingar frá rekstraraðilum). _____	20

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Vægi starfa í ferðþjónustu. _____	12
TAFLA 2. Ferðþjónustan 2019. Heildarlaun - vægi atvinnuvegaflokks innan sveitarfélags. _____	12
TAFLA 3. Umferð í byggð og á afréttinum árin 2010 og 2018. _____	15
TAFLA 4. Skálar þar sem rekin er ferðþjónusta. _____	19




1 INNGANGUR

Ásahreppur er vestasta sveitarfélagið í Rangárvallasýslu og er austan við Þjórsá. Sveitarfélagið er tvískipt, byggðahluti Ásahrepps er á láglandi og er um 138 km² en einnig er Holtamannaafréttur hluti af sveitarfélaginu og liggur hann í 5-600 m h.y.s. og er um 2.880 km².

Atvinnulíf er blómlegt og á flestum jörðum er landbúnaðarstarfsemi, oft í bland við aðra atvinnu-
starfsemi s.s. ferðaþjónustu.

Hér á eftir er fjallað um stefnu sem tengist ferðaþjónustu, greint frá niðurstöðu rannsókna sem gerðar hafa verið og fjallað um núverandi ferðaþjónustu í byggð og á afrétti. Að lokum er greint frá mögulegum tækifærum til uppbyggingar frekari ferðaþjónustu. Tækifærin felast fyrst og fremst í því hvað íbúar og landeigendur eru tilbúnir til að gera. Aftast eru svo skýringaruppdrættir sem sýna áhugaverða staði og göngu- og reiðleiðir skv. aðalskipulagi.



MYND 1. Ásahreppur og Holtamannaafréttur.

1.1 Staðhættir

Byggðarhluti Ásahrepps er láglandur og skiptast á lágir ásar eða holt með flatara landi á milli. Stærsti hluti byggðarinnar er vel gróinn og ræktunarskilyrði eru víðast hvar góð. Þjórsá rennur vestan Ásahrepps og eru sandsvæði með henni syðst í hreppnum. Steinslækur rennur um miðbik hreppsins og út í Þjórsá.

Landfræðileg stefna Holtamannaafrettar er SV-NA og skiptir Kaldakvísl honum í tvö svæði. Annars vegar er það Búðarháls sem er á milli Þjórsár og Köldukvíslar og hins vegar Þóristungur sem er svæðið milli Köldukvíslar og Tungnaár. Eftir afréttinum að sunnanverðu liggja öldur eða hryggir, Búðarháls syðstur og norður af honum Kjalöldur. Þegar norðar dregur verður landslag flatara en þar eru óreglu- legar melöldur, flestar lágar, en smákvíslar og tjarnir í lægðum og gróðurblettir þar sem vatn er. Lægðirnar milli þessara hæða eru í 5-600 m h.y.s. og fer land hækkandi til norðurs. Á Þóristungum og svæðinu austan Köldukvíslar er gróður einkum á syðsta hlutanum en hraun þegar norðar dregur. Afrétturinn er víðáttumikill en víða gróðurlítill sérstaklega um miðbikið sem og nyrsti og austasti hlutinn. Helstu gróðurlendi eru á Búðarhálsi og inn með Þjórsá, en þar eru Hvanngil, Þúfuver og Eyvindarver. Á Þóristungum er einnig nokkuð graslendi.



2 FYRIRLIGGJANDI STEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

2.1 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2018

Hluti Holtamannafréttar er innan Vatnajökulsþjóðgarðs og á umfjöllunin hér að aftan við vestursvæði þjóðgarðsins¹.

Megin markmið sem sett eru fram í stjórnunar- og verndaráætluninni eru eftirfarandi:

1. „Vernd náttúru, landslags, lífríki, jarðmyndana og menningarminja.
2. Tryggja aðgengi almennings að svæðinu til að njóta náttúru þess og sögu.
3. Rannsóknir, fræðsla, miðlunar- og kynningarstarf um sérstöðu þjóðgarðsins og gæði hans.
4. Efling byggðar og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og sjálfbær nýting gæða hans“.

Verndarsvæði og víðerni

Vonarskarð nýtur sérstakrar verndar sem óbyggðir í verndarflokki Ib. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil nema á frosinni jörð. Hestaferðir eru óheimilar sem og umferð reiðhjóla. Gisting er óheimil. Vakta skal umferð göngufólks og stýra umferðinni um hverasvæðið.

Helstu víðerni eru á Tungnaáröræfum norðan Tungnaár. Þar er að finna sérstæðar jarðmyndanir frá nútíma, s.s. gjall-, klepra- og sprengigíga, hraun, gjár og gjáveggi. Til dæmis Hágönguhraun, Heljargjá, Gám og Gímu.

Samgöngur, göngu- og reiðleiðir

Stefnt er að því að vegakerfi þjóðgarðsins verði ekki umfangsmeira en nú er. Það útilokar þó ekki bætt aðgengi sem miðar að því að dreifa álagi, auka fjölbreytni eða bæta öryggi.

Í áætluninni eru tilgreindar eftirfarandi gönguleiðir:

- Veiðivötn – Ljósufjöll – Jökulheimar
- Jökulheimar – Vonarskarð
- Vonarskarð – Stóratunga

¹ (Vatnajökulsþjóðgarður 2018).

- Um Tungnaáröræfi, t.d. Jökulheimar – Versalir

Heimilt er að fara ríðandi um Sprengisandsleið og er áningarhólf í Nýjadal. Einnig er reiðhjólaumferð heimil á vegum og slóðum.

Þjónustusvæði

Gert er ráð fyrir þjónustusvæði í Nýjadal. Þar sé landvörslustöð þar sem er miðlað upplýsingum um náttúruferð svæðisins með sérstakri áherslu á jarðfræði og sögu.

Hrauneyjar eru utan þjóðgarðsmarka en eru miðstöð landvörslu og umferðar sem fer inn á hálendið. Gert er ráð fyrir samstarfi um upplýsingamiðlun þar allt árið, m.a. við Vatnajökulsþjóðgarð og aðila í ferðaþjónustu.

Í Jökulheimum eru skálar og gert ráð fyrir gistimöguleikum fyrir almenning.

Við Svarthöfða er gert ráð fyrir tjaldsvæði með lágmarksþjónustu.

Við Sylgjufell er skáli í einkaeigu. Ekki er gert ráð fyrir þjónustu.

2.2 Þjórsárver

Þjórsárver voru friðlýst sem friðland árið 1981, friðlýsingin var endurskoðuð árið 1987 og aftur árið 2017, þegar svæðið var stækkað. Þjórsárver eru á lista Ramsarsamningsins sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði, einkum vegna auðugs fuglalífs. Stærð friðlandsins er 1.563 km².

Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum s.s. virkjanamannvirkjum, skálum vegum og námum sem þegar eru í notkun. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum sem viðkomandi sveitarstjórnir setja að fenginni umsögn ráðgjafanefndar. Hefðbundnar nytjar í ám og vötnum eru heimilar².

2.3 Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Áfangastaðurinn Suðurland býður upp á mikla fjölbreytni í náttúru, afþreyingu, gistingu og þjónustu. Náttúran er fjölbreytt og tilkomumikil. Saga svæðisins er mikil og felast tækifæri í að draga hana betur fram, afþreyingarmöguleikar eru fjölbreyttir og matarmenning hefur sterka tengingu við landbúnað.

Áherslur:

- „Styrkja grunnþjónustu og innviði.
- *Almennt er þörf á betri samgöngum, innan svæðisins sem og inn á landshlutann, til að grundvöllur sé fyrir betri dreifingu ferðamanna.*
- *Ferðaþjónustan byggist upp í sátt við íbúa.*

² (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2017).

- Heildræn uppbygging áningarstaða er mikilvæg.
- Efla þarf upplýsingagjöf og fræðslu til starfsmanna í ferðaþjónustu og ferðamanna“.

Ferðaþjónustan þarf að byggjast upp í sátt við íbúa sveitarfélagsins. Ferðaþjónusta hefur haft ýmis jákvæð áhrif í samfélaginu, s.s. hærra þjónustustig og fjölbreyttari þjónustu sem hjálpar til við að viðhalda byggð í dreifbýli³.

2.4 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu er eftirfarandi stefna sem tengist ferðaþjónustu⁴.

Kafli 1.2 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi.

„Uppbygging ferðamanna aðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar“.

Kafli 1.2.1 Skipulag áfangastaða ferðamanna

„Uppbygging ferðamanna aðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Við skipulagsgerð verði stuðlað að því að ferðafólki um miðhálandið standi til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta og að ferðafólk dreifist þannig að álag á náttúru sé í samræmi við þol hennar. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálandinu verði jafnframt lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir náttúrulegu landslagi og viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggir að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni“.

„Mikilvægt er að álag á ferðamannastaði verði í samræmi við þol landsins. Vanda þarf til móttöku ferðamanna og gera ráðstafanir til að draga úr ágangi á viðkvæma náttúru. Uppbygging ferðamanna- staða taki mið af þoli svæða gagnvart uppbyggingu og jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar“.

„Þannig er áfram gert ráð fyrir að uppbygging ferðamanna aðstöðu verði takmörkuð á hálandinu og að megináhersla verði á uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hálandisins og á afmörkuðum svæðum í nánd við aðalvegi um hálandið“.

„Jaðarmiðstöðvar: – Eru staðsettar við meginleiðir inn á hálandið, á jaðarsvæðum hálandisins og efst í byggð. – Bjóða upp á alhliða þjónustu við ferðamenn. – Bjóða upp á möguleika á ferðaþjónustu allan ársins hring“.

Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir jaðarmiðstöð í Hrauneyjum.

³ (Markaðsstofa Suðurlands, Ferðamálastofa, á.á.).

⁴ (Skipulagsstofnun 2016).

„Hálendismiðstöðvar: – Eru staðsettar við meginleiðir um hálendið. – Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða. Gert er ráð fyrir samfelldri ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann“.

Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir hálendismiðstöð á Háumýrum.

„Skálasvæði: – Eru í góðu vegasambandi. – Gisting er í gistiskálum auk tjaldsvæða. – Gert er ráð fyrir ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann. – Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistiskála og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits“.

Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir skálasvæði í Versölum, Nýjadal og við Hágöngur.

„Fjallasel: – Við ákvörðun um staðsetningu nýrra fjallaselja skal tekið mið af því að fjarlægð milli jaðar- og hálendismiðstöðva, skálasvæða og fjallaselja sé jafnan hæfileg dagleið fyrir göngufólk. – Gisting er í gistiskálum, auk tjaldsvæða. – Eru að jafnaði stakir fjallaskálar, en eftir atvikum getur einnig verið hesthús eða önnur smærri fylgihús. Almennt einnig möguleiki á tjaldgistingu. – Þjónustustarfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits“.

Kafli 1.3.1 Skipulag samgangna

„Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálendisins“.

„Óbyggðakýrrð er meðal þeirra gæða sem ferðafólk sækist eftir á hálendinu. Til að viðhalda þeim gæðum er mikilvægt að stýra, og eftir atvikum takmarka, umferð vélknúinna farartækja“.

2.4.1 Ferðaþjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum“.



3 SKÝRSLUR OG RANNSÓKNIR

Nokkrar aðferðir eru notaðar til að áætla fjölda ferðamanna á tilteknu svæði. Hagstofan safnar upplýsingum um fjölda gistinátta og gefur út tölur eftir landshlutum eða landsvæðum. Í spurningakönnunum hafa ferðamenn verið spurðir hvort þeir hafi heimsótt tiltekna staði á hálendinu og út frá því er hægt að áætla fjölda ferðamanna sem kemur þangað. Þá er umferðartalning annar möguleiki til að meta fjölda ferðamanna út frá fjölda ökutækja. Vegagerðin hefur reglulega verið með umferðartalningar á helstu leiðum, bæði í byggð og á hálendinu.

3.1 Atvinnulíf

Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga hefur unnið greiningu á stöðu og þróun atvinnulífs á Suðurlandi, með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu⁵. Í greiningunni kemur fram að árið 2009 voru 9 einstaklingar í Ásahreppi sem höfðu ferðaþjónustu að aðalstarfi. Árið 2019 voru þeir orðnir 21. Í töflu 1 er sýnt vægi starfa í ferðaþjónustu m.v. einstaklinga sem hafa ferðaþjónustu að aðalstarfi.

TAFLA 1. Vægi starfa í ferðaþjónustu.

SVÆÐI	2009	2013	2019
Ásahreppur	9,5%	15,7%	14,3%
Suðurland	7,3%	9,7%	18,1%

Árið 2019 voru launþegar í Ásahreppi 210 talsins, meðallaun þeirra voru 496 þús. Á Suðurlandi öllu voru meðallaun 498 þús. Árið 2019 voru meðallaun þeirra sem starfa í ferðaþjónustu í Ásahreppi 392 þús. meðan þau voru 423 þús. á Suðurlandi. Í töflu 2 er sýnt vægi nokkurra atvinnuvegaflokka út frá heildarlaunum.


TAFLA 2. Ferðaþjónustan 2019. Heildarlaun - vægi atvinnuvegaflokks innan sveitarfélags.

SVÆÐI	GISTING	MENNINGAR-STARFSEMI	SKAPANDI LISTIR OG AFBREYING	SKRIFSTOFU-VINNA	VEITINGAR	ÞJÓNUSTUSTARFSEMI TENGD FLUTNINGUM Á LANDI
Ásahreppur	57,0%	1,2%	0,8%	24,2%	5,8%	11,1%
Suðurland	43,7%	5,2%	0,6%	13,6%	19,7%	4,2%

⁵ (Hrafn Sævaldsson 2020).

Árið 2018 var hlutfall ferðapjónustu af heildartekjum í Ásahreppi 19,9% meðan það var 17% á Suðurlandi. Árið 2019 voru 91 fyrirtæki í Ásahreppi, þar af voru 11 í ferðapjónustu.


3.2 Samgöngur



Hluti af Þjóðvegi 1 liggur í gegnum Ásahrepp. Vegagerðin er með fasta talningastaði á Suðurlandsvegi (Þjóðvegi 1) þar sem upplýsingum um fjölda bíla er safnað. Tveir þessara föstu talningastaða eru staðsettir sitt hvoru megin við þann hluta Þjóðvegarins sem liggur í gegnum Ásahrepp. Mælir 1-D1 er staðsettur við veðurstöð við Þjórsá og mælir 1-C3 er staðsettur á Hellu. Þessir mælar ættu því að geta sagt til um hvernig umferð á þeim hluta Þjóðvegarins sem liggur innan sveitarfélagsins hefur þróast síðustu ár.


MYND 2. Staðsetning talningastaða á Þjóðvegi 1 við Ásahrepp.

Þegar tölur úr mælunum eru skoðaðar má sjá að umferð hefur aukist mikið frá árinu 2012. Umferðin er mjög árstíðabundin eins og búast mátti við en hámarkspunktur er í kringum mánaðarmótin júlí og ágúst hvert ár. Mest var umferðin í ágúst árið 2018 en þá voru tæplega 6.500 bílar sem keyrðu í gegnum sveitarfélagið daglega. Sjá má að mikil fylgni er milli bílafjölda úr mælunum tveimur á því tímabili sem skoðað var. Töluverður samdráttur var í umferð árið 2020 sem rekja má til mun færri ferðamanna og annarra afleiðinga af ástandinu sem var stærstan hluta ársins.



MYND 3. Meðalfjöldi bíla á dag samkvæmt umferðarmælum. Heimild: Vegagerðin.

Ef gögn úr umferðrateljara sem staðsettur er við Helli eru skoðuð sérstaklega fyrir ágúst árin 2012-2020 má sjá að meðal umferð á hverjum degi í ágúst 2020 var svipuð og hún var árið 2014, rétt rúmlega 4.000 bílar á dag. Er þetta tæplega 2.500 bílum minna en þegar mest var árið 2018 en *draga mætti þá ályktun að það sé nálægt þeim fjölda bíla sem erlendir ferðamenn á svæðinu aka.*



MYND 4. Meðalfjöldi bíla á dag í ágúst 2012-2020 við talningarstað á Helli. Heimild: Vegagerðin.

Sprengisandsleið liggur eftir endilöngum Holtamannafrétti. Veiðivatnleið, Jökulheimavegur og Fjallabaksleið nyrðri eru að hluta til innan sveitarfélagsins. Í töflunni hér að neðan sést að umferð um Suðurlandsveg hefur aukist gríðarlega, en samt minna en á öðrum vegum og á hálendinu. Í byggðinni

eru sýndar tölur fyrir ársdagsumferð (ÁDU), sem er meðalumferð á dag yfir árið. Á afréttinum eru sýndar tölur fyrir sumardagsumferð (SDU), sem er meðalumferð á dag í júní, júlí, ágúst og september.

TAFLA 3. Umferð í byggð og á afréttinum árin 2010 og 2018⁶.

VEGUR	UMFERÐ 2010	UMFERÐ 2018
Suðurlandsvegur austan Þjórsár	ÁDU 2533	ÁDU 4200
Heiðarvegur 284	ÁDU 71	ÁDU 75
Sprengisandsleið 26 við Hrauneyjar	SDU 208	SDU 250
Sprengisandsleið F26 við Vatnsfell	SDU 40	SDU 45
Sprengisandsleið F26 við Nýjadal	SDU 29	SDU 35
Veiðivatnaleið F228	SDU 42	SDU 50
Jökulheimavegur F229	SDU 4	SDU 5

Umferð um Suðurlandsveg hefur aukist gríðarlega frá 2010 til 2018. Umferð um Sprengisandsleið við Hrauneyjar hefur aukist nokkuð á þessu tímabili en á öðrum vegum hefur umferð nánast staðið í stað.

Samkvæmt niðurstöðum kannana sem gerðar voru sumarið 2011 á ferðalögum Íslendinga og erlendra ferðamanna um landið þá voru um 88% Íslendinga á faraldsfæti á árinu, um 281.600 manns og erlendir ferðamenn voru um 565.600. Um Sprengisand fóru um 2% íslenskra ferðamanna (um 5.600 manns)⁷ og um 4,8% erlendra ferðamanna (um 27 þúsund)⁸.

3.3 Rannsóknir meðal ferðamanna á Sprengisandi

Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) hefur spurt um ferðir erlendra ferðamanna um Sprengisand í könnun sem kallast *Dear Visitors*. Þá hefur RRF unnið kannanir fyrir Vegagerðina vegna hálandisvega. Í janúar 2015 kom út skýrsla sem RRF vann fyrir Landsnet og Vegagerðina í tengslum við hugmyndir um lagningu raflínu og nýs vegar yfir Sprengisand. Skýrslan nefnist *Sprengisandslína og Sprengisandsleið. Kannanir meðal ferðamanna og fagfólks í ferðamennsku*⁹. Hér að aftan er greint frá helstu niðurstöðum könnunarinnar, sem framkvæmd var sumarið 2014.

Ástæður Sprengisandsferðar


Langflestir, eða tæp 70% allra sem lögðu leið sína á Sprengisand sumarið 2014, fóru þangað til að njóta náttúrunnar samkvæmt könnun RRF. Tæplega helmingur Íslendinga sem þangað fóru ætluðu að stunda útivist, nokkrir þurftu að komast á milli landshluta og heldur færri vildu njóta kyrrðar/einveru eða fóru þessa leið vegna vinnu. Um helmingur erlendra ferðamanna sem fóru um Sprengisand sögðu ljósmyndun m.a. vera ástæðu Sprengisandsferðar en heldur fleiri komu til að njóta kyrrðar/einveru og til að komast á milli landshluta.

⁶ (Vegagerðin á.á.).

⁷ (Markaðs- og miðlarannsóknir 2012).

⁸ (Oddný Þóra Óladóttir 2012).


⁹ (Rögnvaldur Guðmundsson 2015b).



MYND 5. Ástæður Sprengisandsferðar sumarið 2014 ¹⁰.

Áhugaverðir staðir

Áhugaverðasta staðinn töldu Íslendingar vera Nýjadal (37%), ferðaskipuleggjendur og leiðsögumenn töldu það vera Þjórsárver (37%) og erlendir ferðamenn nefndu Aldeyjarfoss (30%).



MYND 6. Áhugaverðir staðir á Sprengisandi ¹¹.


Niðurstaðan er áhugaverð en hafa þarf í huga að á Sprengisandi eru ýmsir staðir sem eru óaðgengilegir ferðamönnum og enn aðrir staðir sem þeir vita ekki af. Til dæmis er áhugavert að erlendir ferðamenn nefna hvorki Vonarskarð né Þjórsárver, heldur einungis staði sem eru í alfaraleið.

¹⁰ (Rögnvaldur Guðmundsson 2015b).


¹¹ (Rögnvaldur Guðmundsson 2015b).

Efst í huga varðandi Sprengisand


Í könnun RRF var kannað hvað kæmi fyrst upp í hugann þegar Sprengisandur var nefndur. Þátttakendur voru Íslendingar, annars vegar á láglendi og hins vegar á Sprengisandi, erlendir ferðamenn á Sprengisandi, ferðaskipuleggjendur og leiðsögumenn og loks ferðapjónustuaðilar beggja vegna Sprengisands. Niðurstaðan er sýnd á myndum 7 til 11¹². Rúmlega fjórðungur Íslendinga á Sprengisandi nefndi slæman veg og fjórðungur þeirra nefndi eyðimörk/auðn eða fallegt landslag/náttúru. Um 20% nefndi sand og grjót. Tæpur fjórðungur Íslendinga á láglendi nefndu eyðimörk/auðn og um 20% nefndu sand, hálendi og slæman veg.




MYND 7. Efst í huga Íslendinga á Sprengisandi.



MYND 8. Efst í huga Íslendinga á láglendi.




MYND 9. Efst í huga erlendra ferðamanna á Sprengisandi.



MYND 10. Efst í huga ferðaskipuleggjenda og leiðsögumanna.

¹² (Rögnvaldur Guðmundsson 2015b).




Þeir ferðapjónustuaðilar sem tóku þátt í könnuninni reka flestir ferðapjónustu sunnan eða norðan við Sprengisand. Tæp 30% þeirra nefndu sand/grjót og um fjórðungur nefndi auðn. Tæp 20% nefndu ósnortna og villta náttúru og slæman veg.

MYND 11. Efst í huga ferðapjónustuaðila.

Framtíðarvirði fyrir ferðapjónustu

Ferðaskipuleggjendur og leiðsögumenn töldu Þjórsárver hafa mest framtíðarvirði fyrir ferðapjónustu á Sprengisandi og nágrenni en síðan Nýjadal.



MYND 12. Staðir með mest framtíðargildi fyrir ferðapjónustu.



4 NÚVERANDI STAÐA

4.1 Gisting

Í byggðinni er boðið upp á gistingu á um 10 bæjum. Gistingin er í flestum tilfellum gisting í flokki I eða II skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemtanahald nr. 1277/2017. Í heildina er gisting fyrir um 206 gesti.


Þó nokkrir skálar eru á Holtamannafrétti og er rekin ferðapjónusta í sumum þeirra. Flestir skálanna voru byggðir sem leitarmannahús en nokkrir hafa verið endurbættir fyrir ferðapjónustu.

TAFLA 4. Skálar þar sem rekin er ferðapjónusta.

HEITI	UPPLÝSINGAR
Hald	Leitarmannahús með gistingu fyrir 22 gesti.
Þóristungur	Leitarmannahús með gistingu fyrir um 14 gesti. Skálinn er einkum nýttur fyrir veiðimenn og vegna hestaferða.
Versalir	Tveir skálar sem eru einkum nýttir fyrir veiðimenn og vegna hestaferða. Gisting er fyrir um 45 gesti.
Nýidalur	Gisting er fyrir 54 gesti. Nýttur fyrir ferðamenn sem leið eiga um Sprengisand.
Jökulheimar	Gisting er fyrir 35 gesti. Nýttur vegna rannsókniferða á Vatnajökli og fyrir ferðamenn.

Gistinætur

Hagstofan safnar upplýsingum um fjölda gistinátta og gefur út tölur eftir landshlutum eða landsvæðum. Vegna þess hve gististaðir í Ásahreppi eru fáir, bæði í byggð og á afréttinum, þá er ekki hægt að tryggja rekjanleika gagna og því veitir Hagstofan ekki upplýsingar um fjölda gistinátta. Upplýsingar um gistinætur á afréttinum eru frá rekstraraðilum. Rekstri Hótelis Hálands var hætt haustið 2018.



MYND 13. Gistinætur í Nýjadal, Versölum og Hótel Hálandi. (Upplýsingar frá rekstraraðilum).

4.2 Afbreyting

Í byggð eru reiðleiðir og stangveiði er í Þjórsá. Á afréttinum eru merktar gönguleiðir, farið er ríðandi um ýmsa slóða og áningarhólf eru við reiðleið um Sprengisand. Þá er veiði í mörgum vötnum.

Kortlagning útivistarmöguleika á Holtamannafrétti

Árið 2011 var tekið saman yfirlit yfir útivistarmöguleika á Holtamannafrétti, þ.e. gönguleiðir, reiðleiðir og veiðistaði. Verkefnið var unnið af Steinsholti sf. fyrir Ásahrepp og Rangárþing ytra. Markmið með verkefninu voru eftirfarandi:

- Byggja upp fjölbreytta og góða þjónusta fyrir ferðamenn á Holtamannafrétti.
- Núverandi áningarstaðir verði áfram nýttir eftir því sem unnt er.
- Skálar verði staðsettir þannig að þeir nýtist bæði fyrir göngufólk, hestamenn og aðra ferðamenn.
- Áningarstaðir með gistingu í skálum verði með hæfilegu millibili m.v. æskilega lengd dagleiða.
- Skálar verði í góðu vegasambandi, svo hægt sé að þjónusta þá.
- Við forgangsöröðun framkvæmda verði tekið mið af því að ljúka uppbyggingu við hverja meginleið.
- Vörður á þjóðleiðinni um Sprengisand verði lagfærðar eða endurgerðar.
- Örnefnum á afréttinum verði safnað, þau merkt á kort og útbúin örnefnaskrá með lýsingu eða sögu sem tengist hverju örnefni.

Útbúið var yfirlit yfir mögulegar gönguleiðir og reiðleiðir, einnig veiðistaði.

Niðurstaða verkefnisins var sett fram í formi bæklinga á vefsíðu, þ.e. fyrir gönguleiðir, reiðleiðir og veiðistaði. Einnig var útbúið kort sem sýnir áhugaverða staði á afréttinum.

Gönguleiðir í Ásahreppi og Rangárþingi ytra

Árið 2014 vann Steinholt sf. verkefni sem gekk út á að kortleggja mögulegar gönguleiðir í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Helstu markmið með verkefninu voru eftirfarandi:

- Fjölga möguleikum íbúa og gesta til gönguferða í byggðinni og í sínu nærumhverfi.
- Stuðla að fleiri tækifærum í útivist og efla sóknarmöguleika ferðapjónustu á svæðinu. Stuðla að því að ferðamenn dvelji lengur á svæðinu.
- Gera svæðið áhugaverðara til búsetu.

Settar voru fram hugmyndir að samfelldum lengri leiðum, styttri leiðum að áhugaverðum stöðum og útsýnisleiðum eða léttum fjallgöngum. Möguleiki er á að vinna áfram að útfærslu þessara leiða, m.a. hafa samráð við landeigendur, og merkja og útbúa leiðirnar.

4.2.1 Kortlagning auðlinda – mögulegir viðkomustaðir

Ferðamálastofa hefur kortlagt mögulega viðkomustaði ferðafólks til að greina hvar tækifæri í ferðapjónustu liggja til framtíðar. Nokkrir staðir í Ásahreppi eru á þessum lista.

Staðir sem þykja sérlega áhugaverðir:

Á Holtamannaafreitti eru staðirnir eftirtaldir: Búðarhálsfoss, Eyvindarver, Nýidalur og Köldukvíslarbotnar. Í byggð er Urriðafoss í þessum flokki.

Staðir sem þykja hafa miðlungs aðdráttarafl:

Á Holtamannaafreitti eru staðirnir eftirtaldir: Hrauneyjafoss, Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð, Tungnaárgljúfur í Sigöldu, Vatnsfellsstöð, Þröngubásar, Dynkur, Gljúfrið á Klifshagavöllum, Skrokkalda. Í byggð eru Þjórsártún og Kálfholtskirkja í þessum flokki.

Kvikmyndatökustaðir

Þjórsárbrúin gamla og Þóristindur koma við sögu í kvikmyndum¹³.

4.2.2 Gönguleiðir

Stutt gönguleið er um Ásabrekkuskóg og hægt er að ganga skógarlóða í skógræktarsvæði í Sumarliðabæ.

¹³ (Ferðamálastofa 2015).

Stikuð hefur verið leið frá leitarmannahúsinu Hvangiljahöll að Hvangiljafossi í Þjórsá. Önnur stikuð leið er frá Hvangiljahöll að fossinum Dynk í Þjórsá. Þá er stikuð leið frá Nýjadal í Vonarskarð og önnur eftir Nýjadal. Frá Fagrafossi er stikuð leið með Köldukvísl á Þóristungur.

4.2.3 Reiðleiðir og hestaferðir

Byggðin: Reiðleið liggur með Suðurlandsvegi gegnum sveitarfélagið. Einnig eru reiðleiðir með flestum vegum. Þá er reiðleið með Sauðholtsvegi meðfram Þjórsá og á Ásveg skammt norðan Sandhólaferju. Einnig er leið frá Ásvegi um land Hellatúns og Kastalabrekku á Bugaveg.

Í boði er hestaleiga og styttri reiðtúrar. Einnig er hægt að komast í lengri hestaferðir.

Holtamannafréttur: Megin reiðleiðin liggur frá Kláfferjunni á Tungnaá, eftir Búðarhálsi, fram hjá Kjalvötnum og í Versali. Frá Versölum er farið í Þúfuver, Eyvindarver og á Háumýrar og þaðan áfram til norðurs. Hægt er að skipta leiðinni í nokkra áfanga. Einnig er möguleiki á útúrdúrum eða hringleiðum.

Boðið er upp á hestaferðir yfir Sprengisand á sumrin.

4.2.4 Reiðhjólaleiðir

Gefin hefur verið út bók um hjólaleiðir í Rangárvallasýslu. Liggja þær um hliðarvegi í byggðinni. Eins eru hringleiðir á sunnanverðum afréttinum.

4.2.5 Veiði

Stangveiði á Holtamannaafreйти á sér allanga sögu. Veiðifélag Holtamannaafreittar var stofnað árið 1971 og leigir það stangveiðina að mestu leiti út til einkaaðila sem sjá um að selja veiðileyfi til almennings. Stangveiði er stunduð í; Tungnaá, Köldukvísl, Fellsendavatni, Þórisvatni, Kvíslaveitu og Sporðöldulóni. Einungis urriði er í ám og vötnunum á þessu svæði. Netaveiðileyfum er úthlutað til þeirra jarða í Ásahreppi og Rangárþingi ytra (áður Djúpárhreppi) sem eiga veiðirétt á Holtamannaafreйти. Netaveiði er í Sultartangalóni, Hrauneyjalóni, Krókslóni og Kvíslaveitu.

Í byggð er stunduð netaveiði í Þjórsá af þeim landeigendum sem land eiga að ánni. Nú seinni ár er einnig stangveiði í ánni.

4.2.6 Önnur afþreying

Í byggð er í boði að skoða smáspunaverksmiðju í Uppspuna og fá fræðslu um framleiðslu á bandi úr ull ásamt því að kaupa ýmis konar band og ullarvörur.

Sútun á gærum fer fram á Hárlaugstöðum. Þar er hægt að fræðast um sítunarferlið, kaupa gærum og ýmis konar vörur.



5 FRAMTÍÐIN

Ferðapjónusta hefur vaxið mjög hratt síðastliðin ár og áratugi og kröfur til hennar hafa jafnframt aukist til muna. Fjöldmargar rannsóknir á ferðamennsku á Íslandi eru nú fyrirbyggjandi þar sem m.a. er fjallað um fjölda ferðamanna og dreifingu þeirra um Ísland. Í skýrslunni *Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland*¹⁴ sem unnin var fyrir Markaðsstofu Suðurlands kemur fram að flestir ferðamenn sem koma til landsins ferðast um Suðurland, en helsta markmiðið fyrir ferðapjónustu á Suðurlandi er að fá ferðamenn til að fara víðar og dvelja lengur á hverjum stað.

5.1 Sérstaða Ásahrepps

5.1.1 Byggð

- Fornminjar – saga Ásahrepps. Er hægt að gera meira með fornleifar en setja upp skilti? Er hægt að búa til ratleik í kringum fornleifar þar sem fjölskyldan þarf að finna vísbendingar, og/eða leysa þrautir til að komast á næsta stað?
- Manngerðir hellar. Gera hella aðgengilega og búa til eitthvað í kringum þá. Gista í helli?
- Fuglalíf – setja upp fuglaskoðunarhús og þjónustu í kringum fuglaskoðun, markaðssetja þau. E.t.v. endurheimt votlendis í tengslum við þetta, eða stækkun á núverandi votlendi.
- Beint frá býli – hver er sérstaða hreppsins? Sauðfé, hross, kýr, kjúklingar og egg, lax.
- Mikil hrossarækt – útreiðar og tamningar, hrossakjöt, skinn?
- Sauðfjárrækt, ullarverksmiðja og sala á bandi, skinnaverkun.
- Þjórásá: Er hægt að vera á kajak á Þjórásá? Stangveiði. Gönguleið með ánni í byggð.
- Heitt vatn í Sumarliðabæ. Baðstaður?
- Myrkur á veturna.

5.1.2 Afrétturinn

- Víðerni, náttúra.
- Þjórásarver (gróður og fuglar), setja upp merkingar og fræðslu. Rústamýrarvist Þjórásarvera þykir mjög sérstök. Gönguleiðir, varðaða leiðin um Sprengisand liggur í jaðri Þjórásarvera. Reiðleið um jaðar svæðisins. Landvarsla í samstarfi við Umhverfisstofnun.

¹⁴ (Manhattan marketing 2016).

- Vatnajökulsþjóðgarður. Fræðsla, gönguleiðir um Nýjadal og Vonarskarð. Er hægt að gera meira með þjóðgarðinn, t.d. í Jökulheimum og nágrenni?
- Virkjunarsaga á hálendinu – nýta virkjanaframkvæmdir á jákvæðan hátt fyrir ferðaþjónustu? Þær hafa bætt aðgengi að hálendinu. Lítið af orkunni er nýtt í sveitarfélaginu. Veiði í lónunum og e.t.v. möguleiki á kajaksiglingum.
- Minjar. Talsvert er af ýmis konar hleðslum sem mætti lagfæra. Sérstaklega við Hald, gamla ferjustaðinn á Tungnaá. Þetta mætti gera í einhvers konar námskeiðsformi þar sem vanur hleðslumaður hefði umsjón með verkefninu.

5.2 Tækifæri í ferðaþjónustu

Fyrst og fremst er það náttúran sem lokkar flesta ferðamenn til landsins. Fjölgun ferðamanna fylgir mikið álag á margar af helstu náttúruperlum landsins og því er mikilvægt að minnka álag á viðkvæm svæði t.d með því að fjölga áfangastöðum fyrir ferðamenn og stýra umferð þeirra um ákveðin svæði með vel merktum leiðum. Greiðar samgöngur eru lykilatriði í ferðaþjónustu.

5.2.1 Verndarsvæði

Helstu víðerni og náttúruminjar eru á Tungnaáröræfum norðan Tungnaár, innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar er að finna sérstæðar jarðmyndanir frá nútíma, s.s. gjall-, klepra- og sprengigíga, hraun, gjár og gjáveggi. Til dæmis Hágönguhraun, Heljargjá, Gám og Gímu. Mögulegt er að gera þessi svæði aðgengileg fyrir gangandi.

Í Þjórsárverum eru svokallaðar rústir sérstakt og áhugavert fyrirbæri. Gera mætti fræðslustíg um Þúfuver eða Eyvindarver til að sýna rústirnar og vera með fræðslu um myndun þeirra. Stígurinn gæti tengst vörðuðu leiðinni um Sprengisand en hún liggur í jaðri bæði Eyvindarvers og Þúfuvers.

Safamýri og Sauðholtsnes eru á náttúruminjaskrá. Bæði svæðin eru gróðurmikið mýrlendi og mikilvægur viðkomustaður fugla. Útbúa mætti aðgengi og aðstöðu til fuglaskoðunar á öðrum eða báðum þessum stöðum.

5.2.2 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Ásahreppi¹⁵. Nokkrar fornminjar eru friðlýstar, auk þess er fjöldinn allur af öðrum minjum sem njóta friðunar. Í byggð eru nokkrir manngerðir hellar sem áður voru nýttir til búskapar en notkun þeirra hefur nú verið hætt. Á afréttinum eru t.d. ýmsar hleðslur tengdar smalamennsku, eins og réttir og kofar og einhverjum þeirra tengjast áhugaverðar frásagnir. Vörðuð leið liggur yfir Sprengisand.

Endurbæta mætti valda minjastaði sem viðkomu-/áningarstaði. Þetta gildir t.d. um Þjórsártúnsvöllinn, hella við Ásveg, gróðurreit ungmennafélagsins í Framnesi, Haldrétt og ferjustaðinn á Tungnaá og gamla

¹⁵ (Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, o.fl. 2009a; 2009b).

kofann í Illugaveri. Rústir Eyvindarkofa eru þegar merktar, þar er upplýsingaskilti og stígur að þeim. Búið er að endurhlaða vörður á gömlu Sprengisandsleiðinni. Nýta má leiðina sem gönguleið.

5.2.3 Gönguleiðir

Varðaða leiðin á afréttinum, frá Fjórðungskvísl að Sóleyjarhöfða og áfram niður með Þjórsá að Uppgöngugili (Búðarhálsvirkjun). Það vantar gistimöguleika til að þessi leið verði að veruleika og hægt sé að afla tekna með því að selja ferðamönnum þjónustu/gistingu. Í því leynast líka tækifæri.

Tækifæri leynast í að gera áhugaverða staði í nágrenni helstu vega aðgengilega með stígum og því sem til þarf svo hægt sé að ganga að þeim, t.d. Sigöldugljúfur. Einnig má merkja gönguleið á Vatnsfell og Þóristind frá Veiðivatnavegi og á Skrokköldu frá Sprengisandsleið. Af þessum fjöllum er gott útsýni.

Þá mætti tengja afréttinn við göngu- og reiðleiðir í Þjórsárdal og á Landmannaafretti. Finna heppilega gönguleið frá Haldi í Áfangagil til að tengjast Hellismannaleið. Einnig er komin fram hugmynd um að tengja Hálendismiðstöðina í Hrauneyjum með gönguleið í Landmannahelli. Lengja mætti þá leið og tengja við stikaða leið sem er með Köldukvísl að Fagrafossi. Þá er möguleiki á að tengjast yfir í Hóla-skóg/Þjórsárdal með leið sunnan Tungnaár, framhjá Haldi, að Tangavaði á Tungnaá og um Sultartanga.

Í byggð er áhugavert að gera gönguleið að Urriðafossi að austanverðu og frá gömlu Þjórsárbrúnni upp með Þjórsá á Heiðartanga. Leið með Þjórsá gegnum hreppinn, a.m.k. í byggð, er jafnframt áhugaverður kostur.

Í bókinni Þykkskinnu er fjallað um Holtaveg hinn forna sem lá frá Sandhólaferju að Ægissíðu. Leiðin lá meðfram Hrótsvatni yfir Ásengjar að Rauðalæk. Skoða mætti hvort hægt sé að endurverkja þessa leið sem göngu- og/eða reiðleið. Skoða má hvort hægt sé að endurverkja aðrar gamlar leiðir, t.d. í tengslum við Egilsstaðaferju á Þjórsá.

5.2.4 Reiðleiðir

Í byggð þarf að færa reiðleiðir frá vegum því skemmtilegra og öruggara er að ferðast á hesti fjarri umferð. Áhugavert er að hafa nokkrar mis langar hringleiðir um sveitarfélagið. Auk þess að nýtast íbúum þá er þetta tækifæri fyrir ferðaþjónustu til að bjóða upp á gistingu og nokkurra daga mis langa reiðtúra.

Á afréttinum mætti t.d. dvelja í Versölum og ríða út þaðan. Hringleið um Hryggjaleið í Þúfuver (Þjórsárver) og til baka. Nýta frásagnir úr fjallferðum til að gera leiðir og staði áhugaverðari. Þá er hægt að ríða frá Þóristungum í Versali og um Búðarháls til baka.

5.2.5 Reiðhjólaleiðir

Hugmyndir eru um reiðhjólaleið frá Keflavík að Seyðisfirði (Euro Velo leiðin) og að sú leið liggji um hliðarvegi í Ásahreppi. Mikilvægt er að vera með reiðhjólaleið í nágrenni Suðurlandsvegur og að hún nýtist íbúum til að sækja vinnu, auk þess að vera góður kostur til að stunda hreyfingu og fyrir ferðamenn.

Tækifæri gætu verið fólgin í ferðaþjónustu sem tengist göngu- og hjólreiðum. Kortleggja þarf annarsvegar mögulegar hjóla- og gönguleiðir og hinsvegar fjallahjólaleiðir. Göngu- og hjólaleiðir myndu henta breiðari notendahópi og vera einskonar aðalleið en fjallahjólaleiðir yrðu fyrir afmarkaðri hóp þar sem þær eru meira krefjandi.

Rannsóknir hafa sýnt að ávinningur af ferðamönnum á hjóli er álíka mikill og ávinningur af ferðaþjónustu almennt. Hins vegar er hægt að sjá mikinn mun á ferðamanni á hjóli og ferðamanni sem ferðast með bíl, þá sérstaklega hvað varðar neyslu á mat og drykk og kaup á ýmiskonar þjónustu. Ferðamaður á hjóli er talinn eyða meiru en sá sem ferðast með bíl¹⁶. Sem dæmi um uppbyggingu í kringum hjólaferðamennsku er verkstæði eða aðstaða til að gera við hjól, tjaldsvæði og önnur gisting, staðir sem bjóða upp á mat og drykk.

Á afréttinum er tilvalið fyrir fjallahjólafólk að hjóla ýmsa smala- og veiðislóða og er hægt að fara ýmis konar hringleiðir.

- Hringleið um Kvíslaveitu frá Versölum, hafa má viðkomu í Þjórsárverum.
- Hringleið frá Versölum á Klifshagavelli, með viðkomu hjá Fagrafossi, til baka vestan Kjalvatna.
- Hringleið um Búðarháls frá Hrauneyjum/Haldi, með viðkomu hjá Dynk.
- Slóðar í Veiðivatnahrauni, austan Þórisvatns.

5.2.6 Skógur

Ásabrekuskógur, áningarstaður með skógarstíg. Mætti stækka svæðið og gera þá fleiri gönguleiðir og áningarstaði.

Skógræktarsvæði í Sumarliðabæ. Gera fleiri göngu- og reiðleiðir um skóginn? Vantar bílastæði, merkningar og áningarstaði.

5.2.7 Uppbygging hálendisvega

Það eru klárlega tækifæri í uppbyggingu hálendisvega en líka fórnarkostnaður. Flestir ferðamenn sem fóru um Sprengisand árið 2014 gerðu það til að njóta náttúrunnar og stunda útivist (mynd 5). Skoða þarf vandlega hvaða vegir yrðu lagfærðir eða byggðir upp og hvaða áhrif það gæti haft á tækifæri í ferðaþjónustu.

5.2.8 Tjaldsvæði í byggð

Sveitarfélagið er miðsvæðis á Suðurlandi og gæti verið tækifæri í því að byggja upp þjónustu, eins og tjaldsvæði, þar sem fólk getur haft bækistöð og ferðast svo um Suðurlandið út frá Ásahreppi. Hugsanlega er sveitarfélagið of stutt frá vel útbúnu tjaldsvæði á Laugalandi en tækifæri getur verið til að marka sér einhvers konar sérstöðu og höfða til annars hóps ferðamanna.

¹⁶ (Nýsköpunarsjóður námsmanna og EFLA Verkfræðistofa 2013).

5.2.9 Dagsferð í Ásahrepp

Íbúar/ferðaþjónustuaðilar í Ásahreppi gætu tekið sig saman og útbúið áhugaverða dagskrá fyrir dagsferð í Ásahrepp, sbr. Ullarhringinn sem þegar hefur verið kynntur. Til að setja saman svona dagskrá má nýta þær hugmyndir sem settar eru fram í kafla 5.2 hér að ofan. Dagsferðir geta bæði verið settar fram m.t.t. tiltekins áhugasviðs fólks eða ferð sem er sambland af ýmis konar afþreyingu. Mikilvægt er að gestir geti farið í dagsferð á eigin vegum og að í boði sé matur og drykkur og einnig gisting fyrir þá sem vilja vera lengur.

Möguleikar á dagsferðum eru margir og takmarkast einungis af því hvað íbúar/ferðaþjónustuaðilar eru tilbúnir til að gera. Dæmi um dagsferðir gætu verið:

- Hannyrðaferð: Farið í Uppspuna, fræðst um ull og fylgst með vinnsluferlinu hvernig band er búið til, fylgst með sútnun á gærum á Hárlaugsstöðum, matur/kaffi á ferðaþjónustubæ, tækifæri til að setjast niður með handavinnuna.
- Fjölskylduferð: Farið á hestbak, kíkt á kindur og kýr og helst fleiri dýr. Fuglaskoðun. Rölt um Ásabrekkuskóg.
- Útivistarferð: Gæti hvort sem er verið göngu-, hesta- eða hjólaferð. Farið að áhugaverðum stöðum og áð á ferðaþjónustubæ í mat/kaffi.



6 HEIMILDIR

Ferðamálastofa. 2015. „Kortlagning auðlinda - mögulegir viðkomustaðir“. 2015.

<https://ferdamalastofa.gistemp.com/vefsjar/heild/?z=10&lat=65.12768478&lng=-14.03452182>.

Hrafn Sævaldsson. 2020. „Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðapjónustu“. Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga. <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2020/08/201022.-Hagt%C3%B6lur-um-atvinnul%C3%ADf-%C3%A1-Su%C3%B0urlandi-me%C3%B0-s%C3%A9rstaka-%C3%A1herslu-%C3%A1-fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>.

Manhattan marketing. 2016. „Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland“. Markaðsstofa Suðurlands. https://www.south.is/static/files/Skyrslur2016/heildarskyrsla-sudurland_13.12final.pdf.

Markaðs- og miðlarannsóknir. 2012. „Ferðalög Íslendinga. Ferðalög Íslendinga 2011 og ferðaáform þeirra 2012“. https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/1363043915-innanlandskonnun_2012_mbookm.pdf.

Markaðsstofa Suðurlands, Ferðamálastofa. e.d. „Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021“.

Nýsköpunarsjóður námsmanna, og EFLA Verkfræðistofa. 2013. „Hjólreiðar á Íslandi“. Nýsköpunarsjóður námsmanna. https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/hjolaleidir_a_islandi.pdf.

Oddný Þóra Óladóttir. 2012. „Ferðapjónusta á Íslandi í tölum, apríl 2012“. Ferðamálastofa. https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjon_i_tolum_apr_2012.pdf.

Rögnvaldur Guðmundsson. 2015a. „Sprengisandslína og Sprengisandsleið“.

———. 2015b. „Sprengisandslína og Sprengisandsleið. Kannanir meðal ferðamanna og fagfólks í ferðapjónustu“. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf.

Skipulagsstofnun. 2016. „Landsskipulagsstefna 2015-2026“. Skipulagsstofnun. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerð.pdf.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, Ágústa Edwald, Jóhann Gunnarson Robin, Lísa Rut Björnsdóttir, Stefán Ólafsson. 2009a. „Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006-2008. I. bindi“. FS417-06051. Fornleifastofnun Íslands.

— — —. 2009b. „Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006-2008. II. bindi.“ FS417-06051. Fornleifastofnun Íslands.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2017. „Auglýsing um friðland í Þjórsárverum“. https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf.

Vatnajökulspjóðgarður. 2018. „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2018, náttúruvernd, útivist og byggðapróun“. <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/sogv-tillaga01-feb2018.pdf>.

Vegagerðin. e.d. „Umferð á Þjóðvegum“. Sótt 5. janúar 2020. <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>.



7 VIÐAUKI - UPPDRÆTTIR



Skýringar

- Mörk**
- Sveitarfélagamörk
 - Áhugaverðir staðir**
 - Foss
 - Fuglaskoðun
 - Landslag
 - Minjar
 - Skógur

- Jarðhiti
- Útivist**
- Mögulegar gönguleiðir
- Reiðleið skv. aðalskipulagi
- Samgöngur**
- Stofnvegur
- Aðrir vegir og slóðar
- Fomminjar skv. aðalskráningu**
- Friðlýstar minjar

- Verndarsvæði**
- Svæði á náttúruinjaskrá



Ferðapjónusta í Asahreppi
Áhugaverðir staðir og útivistarmöguleikar


Verk: 7463-003

Unnið: IS

Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:55.000



Skýringar:

Mörk

☐ Sveitarfélagamörk

Áhugaverðir staðir

● Foss

● Fuglaskoðun

● Gróður

▲ Landslag

★ Útsýni

Forminjar skv. aðalskráningu

● Friðlýstar minjar

● Aðrar minjar

Útivist

— Núverandi eða mögulegar gönguleiðir skv. aðalskipulagi

— Reiðleiðir skv. aðalskipulagi

● Núverandi eða mögulegir skálar

Jarðmyndanir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd

— Gígar frá nútíma

● Jarðhiti

▨ Jarðhitasvæði

▨ Gígassvæði frá nútíma

▨ Nútímahraun

Víðerni

▨ Víðerni skv. 61. gr. laga um náttúruvernd

Verndarsvæði

▨ Vatnajökulsþjóðgarður og Friðland Þjórsárvera

Samgöngur

— Stofnvegur á hálendi skv. aðalskipulagi

— Aðrir vegir og slóðar



Ferðapjónusta á Holtamannafrétti
Áhugaverð svæði og útivistarmöguleikar

Verk: 7463-003

Unnið: IS

Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:270.000

